

Stefndi hefur hvorki sótt né látið sækja þing. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum.

Samkvæmt vottorði stefnuvotta fór birting stefnunnar fram „fyrir Agnari Stefánssyni á heimili þeirra (eða dvalarstað stefnda) Háagerði 71 hér í borg, og afhentum honum endurrit af stefnu, sem hann lofaði að afhenda stefnda, er býr í sama húsi, en var fjarverandi“.

Samkvæmt vottorði Hagstofunnar á dskj. nr. 16 er stefndi skráður í Englandi 1. desember 1971 og er talinn þar með lögheimili frá 11. október 1969. Þannig er eigi sýnt, með hvaða heimild stefnda er stefnt til að koma fyrir bæjarþing Reykjavíkur, og verður því að vísa máli þessu frá bæjarþinginu ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Dóminn kvað upp Garðar Gíslason.

Dómsorð:

Máli þessu er ex officio vísað frá dómi.

Málskostnaður dæmist ekki.

Miðvikudaginn 7. júní 1972.

Nr. 11/1972. **Gjaldheimtan í Reykjavík**

(Ólafur Ragnarsson hdl.)

gegn

Benedikt Sigurðssyni

(Tómas Gunnarsson hdl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skattamál.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. janúar 1972. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur og lagt verði fyrir fógeta að framkvæma

lögtak til tryggingar opinberum gjöldum stefnda vegna gjaldársins 1963, samtals að fjárhæð kr. 263.272.00, „auk 12% dráttarvaxta af þeirri fjárhæð frá 11. ágúst 1970 til greiðsludags“. Þá krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefnda bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði staðfestur og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Gjöld þau, sem áfrýjandi krefur stefnda um í máli þessu, eru hækkanir þær á aðstöðugjaldi, eignarskatti, eignarútsvari, iðnlánasjóðsgjaldi, kirkjugarðsgjaldi, tekjuskatti og tekjuútsvari, sem ríkisskattanevnd og framtalsnevnd Reykjavíkur hafa gert stefnda að greiða og byggðust á því, að á árinu 1962 hefði stefndi verið eigandi að helmingi af fyrirtækinu Alúminíðjan og notið hagnaðar þess að hálfu.

Samkvæmt endurriti úr félagaskrá Reykjavíkur er Alúminíðjan tilkynnt til félagaskrárinnar 20. janúar 1963 og skráð 22. s. m. Í tilkynningunni er sagt, að fyrirtækið sé rekið með ótakmarkaðri ábyrgð stefnda og Héðins Elentínussonar. Stefndi hefur talið, að sameignarsamningur hafi ekki verið gerður. Hinn 15. september 1965 var tilkynnt til félagaskrárinnar, að stefndi hefði selt fyrrnefndum Héðni eignarhluta sinn í fyrirtækinu. Var tilkynning þessi skráð 29. september 1965. Stefndi kveður félagsslitasamning hafa verið gerðan, en hann sé glataður, og hefur samningur þessi ekki komið fram í málinu.

Stefndi hefur bæði við skýrslugjöf frá skattrannsóknarstjóra og fyrir dómi fullyrt, að hann hafi eigi orðið með-eigandi að Alúminíðjunni fyrr en á árinu 1963 og eigi haft afskipti af rekstri þess fyrr en á árinu 1964. Hann hafi að vísu unnið fyrir fyrirtækið, áður en hann gerðist með-eigandi að því, en eigi tekið laun fyrir þá vinnu og því átt hjá fyrirtækinu, er hann gerðist með-eigandi.

Skýrsla Héðins Elentínussonar fyrir skattrannsóknarstjóra hnígur í sömu átt, en Héðinn kveðst hafa verið einkaeigandi fyrirtækisins allt þar til á árinu 1964. Þegar þetta er virt, þykir þrátt fyrir óljósar og hvarflandi skýrslur stefnda um

viðskipti hans við Alúmíníðjuna á árinu 1962 varhugavert að telja sannað, að hann hafi verið meðeigandi að fyrirtækinu á árinu 1962, en eigi er unnt, eins og skýrslutöku var háttað, að leggja til grundvallar vætti skattrannsóknastrjóra um frásögn þeirra Héðins og stefnda hinn 2. og 5. október 1967 varðandi eignaraðild stefnda að fyrirtækinu. Samkvæmt þessu og þar sem álagning þeirra opinberu gjalda, sem um er kafið í málinu, er einungis byggð á eignaraðild stefnda að Alúmíníðjunni á árinu 1962 ber að staðfesta hinn áfrýj-
aða úrskurð.

Eins og máli þessu er háttað, er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Úrskurður fógetaðóms Gullbringu- og Kjósarsýslu

11. janúar 1972.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, var þingfest hinn 11. ágúst 1970. Gerðarbeiðandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, gerir þær réttarkröfur, að rétturinn heimili lögtak hjá gerðarþola, Benedikt Sigurðssyni, Unnarbraut 10, Seltjarnarnesi, til tryggingar greiðslu eftirstöðva opinberra gjalda, álagðra í Reykjavík, vegna gjaldársins 1963, samtals að fjárhæð kr. 263.272.00 ásamt 12% ársvöxtum af þeirri fjárhæð frá þingfestingardegi máls þessa til greiðsludags auk málskostnaðar að mati dómsins.

Gjöld þau, sem lögtaks er krafizt fyrir í máli þessu, eru vegna aukaálagninga ríkisskattanevndar og framtalsnevndar Reykjavíkur á gerðarþola fyrir gjaldárið 1963, skattárið 1962, er sundurliðast þannig:

Tekjuútsvar	kr. 111.047.00
Eignarútsvar	— 4.724.00
Kirkjugarðsgjald, álagt af framtalsnefnd	— 1.447.00
Tekjuskattur	— 137.259.00
Eignarskattur	— 3.550.00

Iðnlánasjóðsgjald	kr.	1.600.00
Aðstöðugjald	—	3.600.00
Kirkjugarðsgjald, álagt af ríkisskattanefnd ..	—	45.00

Samtals kr. 263.272.00

Af hálfu gerðarþola eru þær dómkröfur gerðar, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar og viðbótarálagning framangreindra gjalda verði úrskurðuð ólögmaet og gjöldin felld niður.

Þá krefst gerðarþoli málskostnaðar að skaðlausu úr hendi gerðarbeiðanda.

Tildrög máls þessa eru þau, að frá árinu 1965 eða 1966 var rekið í Reykjavík járníðnaðarfyrirtæki undir nafninu Alúmíniðjan. Fyrirtækið annaðist m. a. nýsmíði og viðgerðir, aðallega fyrir frystihús og sláturhús. Þann 22. janúar 1963 var fyrirtækið skráð undir nafninu Alúmíniðjan s/f, eigendur Héðinn Elentínusson, Hátúni 8, Reykjavík, og Benedikt Sigurðsson, Laugarnesvegi 86, Reykjavík, en þann 29. september 1965 var fyrirtækið skrásett sem einkafyrirtæki Héðins Elentínussonar.

Á skattframtölum Héðins Elentínussonar fyrir skattárin 1962—1966 er fyrirtækið talið einkafyrirtæki hans, að undanskildu árinu 1964, en fyrir það ár var talið fram fyrir fyrirtækið sem sameignarfélag þeirra Héðins Elentínussonar og Benedikts Sigurðssonar og það skattlagt sem félag.

Hinn 13. september 1967 hóf rannsóknadeild ríkisskattstjóra rannsókn á bókhaldi Alúmíniðjunnar fyrir árin 1962—1966.

Niðurstöðu þessarar rannsóknar töldu ríkisskattanefnd og framtalsnefnd Reykjavíkur gefa tilefni til viðbótarálagningar vegna rekstrar firmans gjaldárin 1963, 1964 og 1965. Röksemdir skattayfirvalda fyrir viðbótarálagningu á Benedikt Sigurðsson, gerðarþola í máli þessu, koma fram í úrskurði ríkisskattanefndar, dagsettum 29. maí 1969, en þar segir m. a.:

„Með úrskurði þessum verður aðeins tekin afstaða til gjaldársins 1963, en önnur gjaldár, er rannsókn náði til, úrskurðuð síðar.

Fram hefur komið í máli þessu, að gjaldandi mun hafa verið eigandi að járníðnaðarfyrirtækinu Alúmíniðjuni, Ármúla 14, Reykjavík, ásamt Héðni Elentínussyni, Laugavegi 65, Reykjavík, á árunum 1962 til 1965 og árin þar á undan.

Á framtali gjaldanda 1963 er eignarhluta í Alúmíniðjunni ekki getið, og í áðurnefndu bréfi gjaldanda mótmælir hann því, að hann hafi verið eigandi að fyrirtækinu fyrr en árið 1964. Það liggur þó m. a. fyrir, að á árinu 1965 var félaginu slitið og eignir þess metnar. Vélar og áhöld voru metin af verkfræðingi, og liggur fyrir matsgerð hans. Einnig voru útistandandi skuldir kannaðar. Við slit félagsins fékk gjaldandi greidda verulega fjárhæð í sinn hlut, og þegar litið er til þess og annarra gagna og upplýsinga, sem fram hafa komið í málinu, þykir allt benda til þess, að gjaldandi hafi verið eigandi að Alúmíniðjunni á árinu 1962, og verða opinber gjöld hans fyrir það ár ákveðin að nýju með tilliti til þess. Við rannsókn málsins kom fram, að bókhald Alúmíniðjunnar reyndist ekki vera til fyrir árið 1962, og fylgiskjöl lágu ekki fyrir.

Rannsóknadeildin spurðist fyrir um viðskipti Alúmíniðjunnar hjá nokkrum viðskiptamönnum hennar, en samkvæmt þeim upplýsingum var sala fyrirtækisins til þeirra kr. 1.640.851.29 árið 1962, en samkvæmt rekstrarreikningi kr. 1.056.643.10. Augljóst er þó, að þær upplýsingar, er tekizt hefur að afla um sölu fyrirtækisins, eru hvergi nærri tæmandi. Samkvæmt þeim upplýsingum, sem tekizt hefur að afla, og eftir þeim gögnum, sem fyrir liggja um sölu fyrirtækisins á árunum 1962—1964, nam hún eftirtöldum fjárhæðum:

Árið 1962	kr. 1.640.851.29
— 1963	— 2.375.442.75
— 1964	— 3.803.090.96

Engin bókhaldsgögn eru til um sölu árið 1962, eins og áður segir, en ætla má, að verulega vanti á sölnuna samkvæmt framansögðu.

Í þeim gögnum, sem rannsóknadeildin fékk í hendur við rannsókn málsins, er handskrifaður rekstrarreikningur Alúmíniðjunnar fyrir árið 1962, en í honum eru fjárhæðir allar mun hærri en í rekstrarreikningi þeim, sem fylgir framtali.

Hér fara á eftir nokkrar tölur, í heilum þúsundum króna, úr nefndum rekstrarreikningi:

	Skv. handriti	Skv. framtali
Efnisnotkun	925	513
Vinnulaun	783	361

	Skv. handriti	Skv. framtali
Annar kostnaður	274	144
Hagnaður	854	39
	<hr/>	<hr/>
	2.836	1.057
	<hr/>	<hr/>
Sala	2.836	1.057

Framkvæmdastjóri hefur borið, að vinnulaunum hafi verið skotið undan í rekstrarreikningi og launaframtölum á því ári, sem hér um ræðir, og telur, að undanskotið hafi numið um 30%. Samkv. þeim upplýsingum, sem fyrir liggja, nemur undanskotið um 40% árið 1963, en virðist hafa verið mun meira 1962, eins og fram kemur í samanburði á áðurnefndum tveimur rekstrarreikningum hér að framan. Ekki hefur tekizt að afla sundurliðunar á undandregnum launum 1962.

Samkvæmt því, sem lýst hefur verið hér að framan, og öðru því, sem fyrir liggur í máli þessu, er ljóst, að verulegur undandráttur hefur hér átt sér stað til að komast hjá greiðslum opinberra gjalda umrætt ár. Ekkert bókhald hefur verið lagt fram fyrir Alúminíðjuna vegna 1962, og verður ekki séð, að unnt sé að byggja á framtali gjaldanda álagningu opinberra gjalda. Verður því að áætla honum tekjur að nýju fyrir gjaldárið 1963. Einnig þykir verða að ákveða gjaldanda eign að nýju til skattlagningar með tilliti til þeirra upplýsinga, er fyrir liggja um vörubirgðir og útistandandi skuldir 31/12 1962. Rétt þykir að skipta tekjum og eign Alúminíðjunnar þannig, að helmingur komi til álagningar hjá hvorum eiganda.

Hreinar tekjur gjaldárið 1963 þykja hæfilega ákveðnar kr. 575.000.00. Persónufrádráttur er kr. 65.000.00, og verða skattgjaldstekjur því kr. 510.000.00.

Hrein eign ákveðst kr. 755.000.00, en var áður kr. 176.000.00.

Við ákvörðun hreinna tekna og eignar skv. framansögðu hefur hækkun söluskatts verið leyfð til frádráttar.

Kærufrestur til ríkisskattanefndar er 21 dagur frá póstlagningu úrskurðar þessa.

Úrskurðarorð:

Tekjuskattur gjaldárið 1963 hækki um kr. 137.259.00, eða úr kr. 4.646.00 í kr. 141.905.00.

Eignarskattur gjaldárið 1963 hækki um kr. 3.550.00, eða úr kr. 383.00 í kr. 3.933.00.

Þetta tilkynnist yður hér með“.

Rökstuðningur gerðarþola fyrir þeirri dómkröfu hans, að synjað verði um framgang hinnar umbeðnu lögtaksgerðar, er tvíþættur. Í fyrsta lagi hafi gerðarþoli ekki verið eigandi að Alúmíniðjunni á árinu 1962 og séu honum því tekjur af fyrirtækinu á því ári og eignir þess það ár óviðkomandi. Í öðru lagi hafi frestur til að leggja á viðbótargjöld þau, er mál þetta snýst um, verið liðinn, þegar álagning fór fram, sbr. 1. mgr. 38. gr. laga nr. 90 frá 1965 um tekju- og eignarskatt, en í niðurlagi tilvitnaðs lagaákvæðis segir, að eigi skuli reikna skatt gjaldanda að nýju lengra aftur í tímann en sex ár. Kemur þá fyrst til athugunar, hvort gerðarþoli hafi eignar- eða rekstraraðild að Alúmíniðjunni á árinu 1962.

Hinn 21. janúar 1963 var fyrirtækið Alúmíniðjan s/f skráð í firmaskrá Reykjavíkur sem sameignarfyrirtæki Héðins Elentínussonar og Benedikts Sigurðssonar samkvæmt tilkynningu, dagsettri 20. janúar 1963. Í áðurtilvitnaðri skýrslu rannsóknadeildar ríkisskattstjóra kemur fram, að firmað er í skattframtölum Héðins Elentínussonar fyrir skattárin 1962—1966 talið einkafyrirtæki Héðins Elintínussonar að undanskildu skattárinu 1964, en fyrir það ár er fyrirtækið talið sameignarfyrirtæki Héðins Elintínussonar og gerðarþola í máli þessu.

Gerðarþoli, Benedikt, hefur lýst því yfir í bréfi, dagsettu 28. maí 1969, að hann hafi verið meðeigandi að Alúmíniðjunni frá 1. janúar 1964 þar til 1. júní 1965. Í ársbyrjun 1965 hafi hann hætt öllum afskiptum af fyrirtækinu og 1. júní sama ár hafi inneign hans verið reiknuð út.

Héðinn Elentínusson kom fyrir skattrannsóknarstjóra hinn 15. september 1967 og bar þá m. a., að hann hafi átt og rekið Alúmíniðjuna frá 1960. Árið 1964 hafi Benedikt Sigurðsson verið í félagi með honum um rekstur fyrirtækisins, en annars kvaðst Héðinn hafa verið einkaeigandi að fyrirtækinu.

Hinn 21. september 1967 gaf Svanhildur Karlsdóttir skrifstofustúlka skýrslu hjá skattrannsóknarstjóra:

„Mætta skýrir frá því aðspurð, að hún hafi unnið hjá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna síðastliðin sjö ár við gjaldkerastörf.

Aðspurð segist mætta hafa unnið fyrir Alúmíniðjuna á árunum 1962 til 1965 við innheimtu og greiðslu reikninga. Verkið segist mætta hafa unnið sem aukastarf. Mætta er nú beðin að lýsa þessari vinnu og færslu bóka. Skýrir hún frá, að á ofangreindum árum hafi hún tekið að nokkru við greiðslum frá viðskiptamönnum Alúmíniðjunnar og greitt út reikninga fyrir fyrirtækið. Allar

greiðslur segist mætta hafa fært í sjóðbók, sem síðan var afhent ýmist Ólafi Geirssyni eða Héðni Elentínussyni ásamt fylgiskjölum. Þá segist mætta hafa aðstoðað við færslu viðskiptamanna-bókar og launabókar. Þá segist hún hafa fært dagbók fyrir árið 1964, sem ekki var færð fyrr en á árinu 1965. Var hún færð í sambandi við uppgjör milli þeirra Benedikts Sigurðssonar og Héðins Elentínussonar. Mættu er nú sýnd dagbók frá 1964, og kannast hún við skrift sína á henni. Aðspurð segir mætta, að öll viðskipti Alúmíniðjunnar 1964 séu skráð í þessa dagbók eftir því sem hún bezt viti.

Mætta skýrir frá því aðspurð, að þeir Benedikt Sigurðsson og Héðinn Elentínusson hafi verið eigendur að Alúmíniðjunni á árunum 1962 til 1965, og fylgdust þeir báðir með rekstrinum.

Aðspurð segist mætta ekki hafa nein gögn í höndum um þessi viðskipti, en hún segir það hafa komið fyrir, að hún hafi lagt inn í sinn eigin ávísanareikning í Búnaðarbankanum peninga, sem Alúmíniðjan átti, og greitt þaðan aftur út reikninga fyrir fyrir-tækið“.

Hinn 27. apríl 1971 kom nefnd Svanhildur fyrir dóminn og bar þá m. a. eftirfarandi:

„Hún er að því spurð, á hverju hún byggi þá yfirlýsingu, að Benedikt Sigurðsson og Héðinn Elentínusson hafi báðir verið eigendur að „Alúmíniðjunni“ á árinu 1962. Hún segist ekki geta um það sagt. Hún treysti sér ekki til að fullyrða um ártöl í þessu sambandi. Mætta er um það spurð, hvort hún muni eftir einhverjum gögnum eða yfirlýsingum, sem þessi fullyrðing kynni að vera byggð á. Hún segir svo ekki vera. Mætta er spurð að því, hvort Benedikt hafi verið meðeigandi að fyrirtækinu, þegar hún hóf störf sín þar. „Hann var það ekki, svo ég vissi til. Það eina, sem ég veit, er, að Héðinn var skráður fyrir því“. Mætta segir aðspurð, að hún telji, að Benedikt hafi einhvern tíma síðar orðið meðeigandi að fyrirtækinu, en treystir sér ekki til að segja, hvenær það var. Mætta segir, að Héðinn hafi upphaflega ráðið sig og hún hafi ekki orðið vör við, að Benedikt kæmi þar neitt nærri. Hún segir, að Héðinn hafi jafnan gefið henni fyrirmæli um, hvað hún ætti að gera, og verið yfirmaður hennar, hvað snerti störf hennar hjá Alúmíniðjunni. Hún segist ekki hafa orðið vör við, að Benedikt skipti sér neitt af rekstri fyrirtækisins framan af, en segist minnst þess, að nokkru áður en uppgjör milli Héðins og Benedikts fór fram, hafi Benedikt verið farinn að ýta á eftir með innheimtu reikninga og spyrja, hvernig gengi.

Nánar aðspurð segist mætta halda, að Benedikt hafi verið farinn að ýta á eftir innheimtum ca. 1 til 2 árum fyrir uppgjör. Hún tekur fram, að þetta sé ágizkun. Mætta segist ítarlega aðspurð ekki geta sagt um, á hverju hún hafi byggt þá yfirlýsingu sína, að Benedikt og Héðinn hafi báðir verið eigendur að Alúmíniðjunni á árunum 1962 til 1965 og fylgzt báðir með rekstrinum. Mætta segir: „Ég hefði frekar átt að muna þetta 1967 heldur en núna“. Mætta tekur fram, að hún hafi verið vanfær og slæm á taugum, þegar hún gaf skýrsluna 1967, og hafi alið barn um viku síðar“.

Er hér var komið yfirheyrslu yfir vitninu Svanhildi hinn 27. apríl 1971, var gert nokkurt hlé á þinghaldinu, og að lokinni eiðvinnungu bar vitnið Svanhildur eftirfarandi:

„Vitnið skýrir frá því, að hún hafi farið utan í júní 1962 og komið heim, að vitnið minnir, í lok nóvember eða að minnsta kosti fyrir jól. Vitnið segist hafa hafið störf hjá „Sölumiðstöðinni“ árið 1960. Hún hafi síðan kynnt Héðni í gegnum störf sín hjá Sölumiðstöðinni, einkum vegna þess, að ýmsir reikningar Alúmíniðjunnar hafi verið greiddir í gegnum „Sölumiðstöðina“, það eru reikningar á frystihúsin. Þetta hafi þróast þannig, að vitnið hafi farið að vélrita upp reikninga fyrir Alúmíniðjuna. Vitnið segist hafa verið byrjað á þessum störfum fyrir Alúmíniðjuna fyrir utanferðina 1962. Ítarlega aðspurt segist vitnið ekki geta sagt um, hvenær á tímabilinu 1960 til 1962 það hafi verið, sem hún hóf þessi störf fyrir Alúmíniðjuna.

Mætta segir aðspurð, að það hafi eingöngu verið Héðinn, sem fól henni verkefni fyrir Alúmíniðjuna, áður en hún fór utan. Hún muni ekki eftir neinu, sem bent hafi til, að Benedikt væri með-eigandi að fyrirtækinu á þessu tímabili. Það er á árinu 1960 til 1962. Hún hafi ekki velt því fyrir sér. Henni hafi aldrei dottið það í hug. Mættu er nú bent á ósamræmi í framanrituðum framburði og framburði hennar hjá skattransóknarstjóra 1967, þar sem hún segir Benedikt hafa verið meðeiganda á árunum 1962 til 1965. Mætta segist, þegar að hún gaf skýrslu sína 1967 og ennfremur þegar hún kom fyrir í fyrra sinnið nú í dag, „ekki hafa verið búin að grúska neitt niður í ártöl“ og tekur fram, að sig hafi í morgun minnt, að utanförin hafi verið farin á árinu 1961. Mætta tekur fram, að Benedikt hafi raunar getað verið meðeigandi að fyrirtækinu á árinu 1962, án þess að hún vissi um það. Mætta segir, að eftir heimkomuna síðast á árinu 1962 hafi störf sín í þágu Alúmíniðjunnar aukizt. Hún telur, að það

hafi verið eftir áramótin 1962—1963 sem hún fór að reikna út launin. Mætta segir, að afskipti hennar af bókhaldi fyrirtækisins hafi verið með þeim hætti, að hún hafi haft sérstakan kladda fyrir sig, þar sem hún hafi fært inn það, sem hún innheimti. Þennan kladda hafi hún haft eingöngu fyrir sig til að geta skilað innheimtum af sér og heldur, að hún hafi aldrei afhent hann fyrirtækinu. Hún segir, að launin hafi hún fært í lausblaðabók, sem tilheyrði bókhaldi fyrirtækisins. Í sömu bók hafi, að mættu minnir, verið færðir „þessir fáu viðskiptamenn“, sem mætta innheimti hjá. Mætta segist aðeins hafa fært inn það, sem hún var með, það er aðallega frystihúsin. Mætta segir, að hún hafi örugglega ekki fært viðskiptamannabók eða launabók fyrr en á árinu 1963. Mætta tekur fram, að bókhald fyrirtækisins hafi verið ákaflega ófullkomið. Mætta segist ekki minnst þess, að hún hafi fyrr eða síðar séð neitt í bókhaldi fyrirtækisins, sem bent gæti til þess, að Benedikt Sigurðsson væri meðeigandi á árinu 1962. Mætta segist aðspurð aldrei hafa séð Svavar Árnason, en hafa heyrt hans getið.

Framanritaður framburður er lesinn fyrir mættu. Hún tekur fram, að það kunni að vera, að á árinu 1963 hafi hún fært heildarlaunagreiðslur á árinu 1962. Þetta sé hlutur, sem hún muni ekki fyrir víst. Nánar aðspurð varðandi kladda þann, sem mætta færði innheimtur sínar í, segir hún, að kladdinn sé ekki í sinni vörzlu. Væntanlega annaðhvort glataður eða í bókhaldsgögnum fyrirtækisins“.

Lagt hefur verið fram í málinu bréf skattarannsóknarstjóra til lögmanns gerðarbeiðanda, dagsett 6. nóvember 1970, svohljóðandi: „Að beiðni yðar, hr. hæstaréttarlögmaður, hef ég tekið saman nokkra þætti um skýrslu rannsóknadeildar ríkisskattstjóra um athugun á bókhaldi Alúmíniðjunnar (sf.) rekstrarárin 1962, 1963 og 1964, sem varða eignaraðild Benedikts Sigurðssonar, Unnarbraut 10, Seltjarnarneshreppi, að fyrirtækinu.

Í nefndri skýrslu rannsóknadeildarinnar er því haldið fram, að nefndur Benedikt hafi verið eigandi að fyrirtækinu á árunum 1962 og 1963, en samkvæmt skattframtölum hans og fyrirtækisins fyrir þessi ár er hann aðeins talinn eigandi að fyrirtækinu árið 1964.

Rannsókn þessa máls hófst 13. september 1967 með því, að bókhald Alúmíniðjunnar (sf.) fyrir áðurnefnd ár var tekið til rannsóknar. Þann 15. september var framkvæmdastjóri félagsins,

Héðinn Elentínusson, kallaður fyrir til skýrslugjafar, og fylgir sú skýrsla með gögnum málsins.

Framburður Héðins við þessa skýrslugjöf er samhljóða því, sem segir í skattframtölum aðila um eignaraðild Benedikts.

Nokkru síðar þegar búið var að kanna, hvaða gögn og bókhaldsbækur lágu fyrir í málinu, eða þann 2. október sama ár, kom framkvæmdastjórinn, ótilkvaddur, ásamt Bjarna Bjarnasyni, löggiltum endurskoðanda, á skrifstofu mína þeirra erinda, að mér skildist, að tjá mér, að hann vildi gefa þær upplýsingar um málið, sem hann teldi réttastar, til að hraða rannsókn þess og fá sem sannasta mynd af rekstri fyrirtækisins. Ekki þótti ástæða til að færa þetta viðtal til bókar, sérstaklega með tilliti til nærveru hins löggilta endurskoðanda. Hins vegar færði ég á minnisblöð nokkur atriði úr viðtali þessu, meðan á því stóð, og fylgir ljósrit af þeim hér með. Þar kemur m. a. fram, að nefndur Benedikt hafi verið aðili að rekstrinum á þeim árum, sem skýrslan nær til.

Þrem dögum síðar, eða 5. október, kom Benedikt Sigurðsson, ótilkvaddur, á skrifstofu mína og sagðist vera að fara úr bænum til starfa og vilja ræða við mig um málið og upplýsa það, sem hann gæti, áður en hann færi. Viðtalið var ekki fært til bókar, enda rannsókn málsins þá á byrjunarstigi. Skráði ég hjá mér minnispunkta um viðtalið, meðan á því stóð, og fylgir ljósrit af þeim hér með. Framburði hans varðandi eignaraðildina bar saman við framburð Héðins frá 2. október, en hann var ekki viss um stofnár fyrirtækisins.

Þegar hér var komið rannsókn málsins, þótti ljóst, að Alúminíðjan hefði verið sameign þeirra Héðins og Benedikts á árunum 1962 og 1963, og kom aldrei neitt fram, meðan á rannsókn málsins stóð, sem benti til þess, að svo væri ekki.

Auk þeirra viðtala, sem ég átti við eigendurna og áður eru nefnd, vil ég nefna hér nokkur atriði, sem skýra ættu málið enn frekar.

1. Eins og fram kemur í gögnum málsins, var Benedikt Sigurðsson starfsmaður Sölumiðstöðvar Hraðfrystihúsanna á þeim árum, sem hér um ræðir, en Alúminíðjan vann einmitt talsvert fyrir það fyrirtæki á þessum árum. Svanhildur Karlsdóttir, Safamýri 67, Reykjavík, sem einnig starfaði hjá Sölumiðstöðinni, hefur við skýrslugjöf hjá rannsóknadeildinni borið, að hún hafi unnið fyrir Alúminíðjuna á árunum 1962—1965. Hafi hún tekið við greiðslum frá viðskiptamönnum fyrirtækisins og greitt út reikn-

inga, en greiðslurnar hafi hún fært í sjóðbók. Svanhildur heldur því fram, að Benedikt hafi verið eigandi að Alúmíniðjunni á árunum 1962—1965 og hafi hann fylgzt með rekstrinum á þeim tíma. Endurrit úr gerðabók rannsóknadeildar af skýrslu Svanhildar fylgir gögnum þessa máls.

2. Þann 22. janúar 1963 er Alúmíniðjan skráð sem sameign þeirra Héðins Elentínussonar og Benedikts Sigurðssonar, en á skattframtölum þessara aðila er fyrirtækið talið einkaeign Héðins allt árið 1963, eins og áður er um getið. Þegar af þessari ástæðu þótti verða að draga réttmæti skattframtalanna í efa, að því er varðar eignaraðild Benedikts. Í svarbréfi Benedikts, dags. 28. maí 1969, við skýrslu rannsóknadeildarinnar er því haldið fram, að hann hafi gerzt eigandi að fyrirtækinu 1. janúar 1964, en í síðari kærnum er eignaraðildinni 1963 ekki mótmælt.

3. Fyrir liggur í málinu, að félaginu var slitið á árinu 1965, og voru eignir fyrirtækisins þá metnar, birgðir voru taldar, úti-standandi skuldir kannaðar, og verkfræðingur var fenginn til að meta vélar og áhöld, og fylgir hér með matsgjörð hans. Gögn varðandi birgðatalningu og útistandandi skuldir eru í vörzlu rannsóknadeildarinnar. Verður ekki annað séð en að helmingaskipti hafi farið fram á eignum fyrirtækisins á þessum tíma. Héðinn yfirtók rekstur fyrirtækisins, en greiddi Benedikt út hans hlut. Þannig mun Benedikt hafa fengið greiddar samtals kr. 772.958.42 frá Héðni, þar af er endurgreiðsla á láni kr. 152.900.00, og hefur hann því fengið greiddar kr. 620.058.42 fyrir sinn hlut í fyrirtækinu.

Í áður nefndu bréfi Benedikts, dags. 28. maí 1969, segist hann líta svo á, að sú fjárhæð, sem honum hafi verið greidd umfram lánið, sé laun frá 1. janúar 1960 til 1. janúar 1965. Við skýrslugjöf hjá rannsóknadeildinni 17. desember 1969, segir hann aftur á móti, að á að gizka kr. 150.000.00 af heildarfjárhæðinni hafi verið laun, en það, sem umfram var, telur hann vera eðlilega hlutdeild í arðgjöf fyrirtækisins á því tímabili, sem hann telur sig hafa átt í því.

Með hliðsjón af því, sem hér hefur verið rakið um félagsslitin, verður ekki talið sennilegt, að mat hefði farið fram á öllum eignum fyrirtækisins (gömlum og nýjum) og útborgun til Benedikts miðuð við það, ef hann hefði verið eigandi aðeins í eitt til tvö ár, einkum þegar litið er til þess, að ekkert liggur fyrir um, að Benedikt hafi keypt sig inn í fyrirtækið á þeim tíma, sem hann telur sig verða eiganda að því.

Þess skal getið, að lán það, sem á er minnzt hér að framan, hefur ekki verið tilfært á skattframtölum Benedikts né laun þau til hans, sem á er minnzt.

4. Í bókhaldsgögnum Alúmíniðjunnar, sem eru í vörzlu rannsóknadeildarinnar, er handritaður rekstrar- og efnahagsreikningur fyrir árið 1962, en ljósrit af handriti þessu fylgir hér með.

Ástæða er til að vekja athygli á liðnum „bifreiðakostnaður“ í rekstrarreikningi, kr. 10.931.20, sem skiptist:

Héðinn kr. 5.931.20

Benedikt — 5.000.00

Kr. 10.931.20

Þá er skuldamegin á efnahagsreikningi færður liðurinn „Benedikt Sigurðsson kr. 152.901.21“.

Í bréfi Héðins Elentínussonar til rannsóknadeildarinnar, dags. 22. maí 1969, segir m. a. um nefndan ársreikning 1962:

„Reikningur þessi var saminn 1963 í marz-mánuði eða seinna. Hann átti að sýna einhliða mat Benedikts Sigurðssonar á status fyrirtækisins, þegar hann er saminn“.

Síðar í sama bréfi segir:

„Læt ég hér fylgja yfirlýsingu frá Svavari Árnasyni og Benedikt Sigurðssyni þessu til staðfestingar, en þeir sömdu reikninginn“.

Hér hefur það komið fram, að Benedikt Sigurðsson hefur átt þátt í samningu nefnds ársreiknings, og verður það vart skýrt á annan veg en þann, að hann hafi gert það sem eigandi fyrirtækisins.

5. Með bréfi, dags. 13. maí 1969, var Héðni Elentínussyni send skýrsla rannsóknadeildarinnar um athugun á bókhaldi og gögnum Alúmíniðjunnar. Henni var svarað með bréfi, dags. 22. maí 1969, sem áður er vitnað til. Í bréfi þessu er ekki mótmælt þeirri staðhæfingu í skýrslunni, að Benedikt hafi verið eigandi að fyrirtækinu á árunum 1962 og 1963, en bréfinu fylgir yfirlýsing Benedikts Sigurðssonar og Svavars Árnasonar um gerð ársreikningsins fyrir árið 1962. Bréf þetta ásamt fylgiskjöllum fylgir hér með.

Með bréfi, dags. 20. maí 1969, var Benedikt Sigurðssyni send skýrsla deildarinnar um athugun á bókhaldi og gögnum Alúmíniðjunnar. Var honum m. a. tilkynnt í bréfi þessu, að tekjur hans

og aðrir gjaldstofnar kynnu að verða ákveðnir að nýju með til-
liti til eignaraðildar hans að Alúmíniðjunni árin 1962 og 1963.

Skýrslu rannsóknadeildarinnar svaraði Benedikt með bréfi,
dags. 28. maí, og er þá fyrst mótmælt eignaraðild að Alúmíniðj-
unni árin 1962 og 1963.

Þann 17. desember 1969 var Benedikt Sigurðsson kallaður fyrir
til skýrslugjafar, og fylgir hjálagn endurrit úr gerðabók rann-
sóknadeildarinnar af þeirri skýrslu. Þann 19. sama mánaðar var
Bjarni Bjarnason, löggiltur endurskoðandi, kallaður fyrir, og
fylgir einnig skýrsla hans hér með.

Eins og rakið hefur verið í greinargerð þessari, eru það margir
samvirkandi þættir, sem urðu til þess, að ekki er talinn leika
vafi á um það í skýrslu rannsóknadeildarinnar um rannsókn
málsins, að Benedikt Sigurðsson hafi verið eigandi að Alúmín-
iðjunni á árunum 1962 til 1964“.

Í ljósriti því af minnisblöðum skattrannsóknarstjóra, sem fram
hefur verið lagt í málinu, kemur fram, að minnisblöðin eru
óundirrituð. Á minnisblöðin er eftirfarandi skráð:

„Viðtal við Héðinn og Bjarna Bjarnason 2/10 1967:

Héðinn sagði, að hann hafi greitt Benedikt síðasta víxilinn í
sept. '66, kr. 107.000.00, en þó væri einn víxill ógreiddur enn, að
upphæð kr. 100.000.00. Benedikt er með hann.

Þeir segja, að Benedikt hafi tekið þátt í rekstrinum allt frá
1956.

Benedikt fékk stundum greidd laun fyrir stuttar ferðir út á
land.

Benedikt Sigurðsson kom til viðtals 5/10. '67:

Segist hafa verið eigandi í Alúmíniðjunni frá stofnun (frá
1954).

Samdi tilboð fyrir fyrirtækið og útvegaði verkefni.

Fékk aldrei greidd laun.

Ókunnugur bókhaldi, en segir, að Svavar Árnason og Svan-
hildur hafi fært nokkurs konar sjóðbækur á þessum árum.

Veit ekkert um, hve mikið hefur verið dregið undan.

Segist hafa lánað fyrirtækinu á mörgum árum samtals
150.000.00 (1962).

Við slit var fyrirtækið metið á rúma milljón. Telur sig hafa
fengið útborgaðar um kr. 500.000.00, og er þar meðtalin endur-
greiðsla á láninu (150.000.00, nettó 350.000.00).

Segir, að síðasta greiðsla Héðins hafi farið fram 1966, er hann
greiddi víxil, að upphæð kr. 100.000.00.

Segist vera með einn víxil enn, sem átti að greiðast á þessu ári, að upphæð kr. 100.000.00, en er ógreiddur.

Ætlar að reyna að finna sundurliðun á mótteknum greiðslum frá Héðni og senda mér.

Fluttur til Súgandafj. og verður hjá Fiskiðjunni Freyju“.

Ólafur Nilsson skattranssóknarstjóri kom fyrir dóminn hinn 4. febrúar 1971.

Aðspurður um, hvað felist í orðalaginu „tekið þátt í rekstrinum“ á minnisblaði um viðtal við Héðin og Bjarna Bjarnason, kvaðst hann telja, að þar sé átt við eignaraðild Benedikts að fyrirtækinu.

Skattranssóknarstjórinn tók fram, að eftir að yfirlýsingar þeirra Héðins og Benedikts frá 2. og 5. október 1967 lágu fyrir um sameign þeirra á fyrirtækinu, hafi rannsókn ekki frekar beinzt að þessu atriði, fyrr en eftir að Benedikt ritaði bréfið á dskj. nr. 41, en í því komi fram fyrstu mótmælin gegn því, að hann hafi verið meðeigandi að fyrirtækinu á árinu 1962.

Umrætt bréf er dagsett 28. maí 1969.

Bjarni Bjarnason endurskoðandi kom fyrir dóminn hinn 4. febrúar 1971.

Hann kvaðst minnst þess, að viðtalið við skattranssóknarstjóra hinn 2. október 1967 hafi átt sér stað. Hann sagðist muna eftir því, að skattranssóknarstjórinn hafi spurt um aðild Benedikts að þessu fyrirtæki, en kvaðst ekki muna, hverju Héðinn svaraði.

Hann hélt fast við, að sér væri ókunnugt um, hvort Benedikt hefði verið meðeigandi að fyrirtækinu á árinu 1962 eða áður. Hann sagði, „að Benedikt hafi virkað sem nokkurs konar tæknilegur maður í fyrirtækinu. Það, að hann annaðist útvegum verkefna og tilboða, hefði ef til vill getað bent til annarrar aðildar en beinnar vinnu“.

Gerðarþoli, Benedikt Sigurðsson, kom einnig fyrir dóminn hinn 4. febrúar 1971.

Hann mótmælti því alfarið, að hann hefði í viðtalinu við skatranssóknarstjóra sagzt hafa verið eigandi fyrirtækisins frá stofnun (frá 1954), það rétta sé, að hann hafi ekki orðið meðeigandi fyrr en í janúar 1963.

Hinn 27. apríl 1971 kom fyrir dóminn Svavar Árnason, en hann annaðist nokkur bókhaldsstörf fyrir Alúmíniðjuna allt frá því á árinu 1962 þar til eftir mitt ár 1963.

Aðspurður um eignaraðild að fyrirtækinu á árinu 1962, sagði

hann, að í þeim gögnum, sem hann sá hjá fyrirtækinu, hafi ekkert komið fram, sem sýndi það af eða á, hvort Benedikt Sigurðsson væri meðeigandi að fyrirtækinu eða ekki.

Loks er þess að geta, að í málinu hefur verið lagt fram ljósrít af þremur bréfum, sem dagsett eru 1. júlí 1962, 5. júlí 1962 og 6. nóvember sama ár, en öll þessi bréf hafa verið rituð á prentuð bréfsfni, þar sem í bréfhausnum stendur „Alúminíðjan s.f.“.

Stefnandi telur það enn eina sönnun fyrir því, að umrætt fyrirtæki hafi verið sameignarfélag á árinu 1962, að í bréfhausnum skuli standa skammstöfunin „s.f.“ aftan við nafn fyrirtækisins. Bréf þessi hafa verið undirrituð af Héðni Elentínussyni.

Enn fremur hefur verið lagt fram í málinu bréf Hraðfrysti-hússins Norðurtanga h/f á Ísafirði, dagsett 15. nóvember 1962, þar sem viðtakandi er titlaður „Alúminíðjan s.f., Ármúla 14, Reykjavík“.

Álit réttarins.

Þegar sönnunargögn í máli þessu eru virt, þá er það niðurstaða dómsins, að gerðarbeiðanda hafi ekki tekizt gegn eindregnum mótmælum gerðarþola að sýna fram á, að gerðarþoli hafi átt þá eignar- og rekstraraðild að Alúminíðjunni á árinu 1962, er skattlagning sú, sem lögtaks er krafizt fyrir í máli þessu, er byggð á.

Ber þegar af þeirri ástæðu að synja um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Gerðarbeiðanda ber að greiða gerðarþola kr. 20.000.00 í málskostnað.

Már Pétursson, fulltrúi sýslumanns, kvað upp úrskurð þennan.

Ályktarorð:

Synjað er um framgang hinnar umbeðnu gerðar.

Gerðarbeiðandi, Gjaldheimtan í Reykjavík, greiði gerðarþola, Benedikt Sigurðssyni, kr. 20.000.00 í málskostnað.